

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

*Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Belarús nr. 97/2012, ásamt síðari breytingum, í rétttri númeraröð:

- 1.12 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/214 frá 17. febrúar 2020 um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 1.12.
- 1.13 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/1388 frá 2. október 2020 um framkvæmd ákvörðunar 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 1.13.
- 1.14 Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/1650 frá 6. nóvember 2020 um framkvæmd ákvörðunar 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 1.14.
- 2.19 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2020/1387 frá 2. október 2020 um framkvæmd 1. mgr. 8. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 2.19.
- 2.20 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2020/1648 frá 6. nóvember 2020 um framkvæmd 1. mgr. 8. gr. a reglugerðar (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús, sbr. fylgiskjal 2.20.

2. másl. 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 4. desember 2020.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Martín Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.12.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ)****2020/214 frá 17. febrúar 2020****um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.**

(1) Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr

1. Þessi ákvörðun skal gilda til 28. febrúar 2021.

2. Ákvörðun þessi skal vera til stöðugrar endurskoðunar og hana skal framlengja eða henni breyta, eftir því sem við á, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.“

(2) Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. (Efnisútdráttur)

**Fylgiskjal 1.13.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ)****2020/1388 frá 2. október 2020****um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.**

Viðauka við ákvörðun 2020/1388/SSUÖ skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur)

*VIÐAUKI*Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB hér: [https://eur-lex.europa.eu/eli/dec\\_impl/2020/1388/oj](https://eur-lex.europa.eu/eli/dec_impl/2020/1388/oj).Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: <http://data.europa.eu/88u/dataset/consolidated-list-of-persons-groups-and-entities-subject-to-eu-financial-sanctions>.**Fylgiskjal 1.14.****FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ)****2020/1650 frá 6. nóvember 2020****um breytingu á ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 2. mgr. 31. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2012/642/SSUÖ frá 15. október 2012 um þvingunaraðgerðir gegn Belarús<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tillögum frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 15. október 2012 samþykkti ráðið ákvörðun 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús.
- 2) Hinn 9. ágúst 2020 voru haldnar forsetakosningar í Belarús sem reyndust ekki samrýmast alþjóðlegum reglum og lituðust af kúgun sjálfstæðra frambjóðenda og grófri aðför að friðsömum mótæxlendum í kjölfar kosninganna. Hinn 11. ágúst 2020 gaf æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins um að kosningarnar hefðu hvorki verið frjálssar né sanngjarnar. Þar kom einnig fram að gripið kynni að verða til ráðstafana gegn þeim sem bera ábyrgð á ofbeldi, tilhæfulausum handtökum og fölsun kosninganiðurstæða.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 285, 17.10.2012, bls. 1.

- 3) Hinn 2. október 2020 samþykkti ráðið framkvæmdarákvörðun (SSUÖ) 2020/1388 <sup>(2)</sup> þar sem 40 einstaklingar voru tilgreindir sem ábyrgir fyrir bælingu og ógnunum gegn friðsömum mótmælendum, meðlimum stjórnarandstöðunnar og blaðamönnum í kjölfar forsetakosninganna í Belarús árið 2020, sem og fyrir misferli kosninganefndar ríkisins í kosningaferli þessara kosninga.
- 4) Hinn 24. september 2020 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem fram kom að hina svokölluðu „embættisvígslu“ Aleksandr LUKASHENKO og hið nýja umboð hans skorti allt lýðræðislegt lögmæti. Í yfirlýsingunni voru ítrekaðar væntingar Sambandsins um að yfirvöld í Belarús láti tafarlaust af frekari bælingu og ofbeldi gegn þjóðinni og láti þegar í stað og skilyrðislaust lausa alla þá sem handteknir hafa verið, þ.m.t. pólitíska fanga.
- 5) Með tilliti til þess hve ástandið er alvarlegt í Belarús vegna yfirstandandi bælingar hins borgaralega samfélags og aðgerðasinna stjórnarandstöðunnar ætti að bæta Alexandr LUKASHENKO og 14 öðrum við á skrána yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til, sem sett er fram í viðaukanum við ákvörðun 2012/642/SSUÖ.
- 6) Því ber að breyta viðaukanum við ákvörðun 2012/642/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við ákvörðun 2012/642/SSUÖ er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2020.

*Fyrir hönd ráðsins,  
forseti.  
M. Roth*

*VIÐAUKI*

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB hér: [https://eur-lex.europa.eu/eli/dec\\_impl/2020/1650/oj](https://eur-lex.europa.eu/eli/dec_impl/2020/1650/oj).

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frýstingu fjármuna er hér: <http://data.europa.eu/88u/dataset/consolidated-list-of-persons-groups-and-entities-subject-to-eu-financial-sanctions>].

---

<sup>(2)</sup> Framkvæmdarákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2020/1388 frá 2. október 2020 um framkvæmd ákvörðunar 2012/642/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Belarús (Stj. tíð. ESB L 319 I, 2.10.2020, bls. 13).

**Fylgiskjal 2.19.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2020/1387**

frá 2. október 2020

**um framkvæmd 1. mgr. 8. gr. a reglugerðar (EB) nr. 765/2020  
um þvingunaraðgerðir gegn Belarús**

[Viðauka við reglugerð 765/2020/ESB skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (efnisútdráttur)

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB hér: [https://eur-lex.europa.eu/eli/reg\\_impl/2020/1387/oj](https://eur-lex.europa.eu/eli/reg_impl/2020/1387/oj).

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: <http://data.europa.eu/88u/dataset/consolidated-list-of-persons-groups-and-entities-subject-to-eu-financial-sanctions>].

**Fylgiskjal 2.20.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2020/1648**

frá 6. nóvember 2020

**um framkvæmd 1. mgr. 8. gr. a reglugerðar (EB) nr. 765/2006  
um þvingunaraðgerðir gegn Belarús**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 765/2006 frá 18. maí 2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 8. gr. a,

með hliðsjón af tillögum frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 18. maí 2006 samþykkti ráðið reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús.
- 2) Hinn 9. ágúst 2020 voru haldnar forsetakosningar í Belarús sem reyndust ekki samrýmast alþjóðlegum reglum og lituðust af kúgun sjálfstæðra frambjóðenda og grófri aðför að friðsömum mót mælendum í kjölfar kosninganna. Hinn 11. ágúst 2020 gaf æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins um að kosningarnar hefðu hvorki verið frjálssar né sanngjarnar. Þar kom einnig fram að gripið kynni að verða til ráðstafana gegn þeim sem bera ábyrgð á ofbeldi, tilhæfulausum handtökum og fölsun kosninganiðurstæða.
- 3) Hinn 2. október 2020 samþykkti ráðið framkvæmdareglugerð (ESB) 2020/1387 <sup>(2)</sup> þar sem 40 einstaklingar voru tilgreindir sem ábyrgir fyrir bælingu og ógnunum gegn friðsömum mót mælendum, meðlimum stjórnarandstöðunnar og blaðamönnum í kjölfar forsetakosninganna í Belarús árið 2020, sem og fyrir misferli kosninganefndar ríkisins í kosningaferli þessara kosninga.
- 4) Hinn 24. september 2020 gaf æðsti fulltrúinn út yfirlýsingu fyrir hönd Sambandsins þar sem fram kom að hina svokölluðu „embættisvígslu“ Aleksandr LUKASHENKO og hið nýja umboð hans skorti allt lýðræðislegt lögmæti. Í yfirlýsingunni voru ítrekaðar væntingar Sambandsins um að yfirvöld í Belarús láti tafarlaust af frekari bælingu og ofbeldi gegn þjóðinni og láti þegar í stað og skilyrðislaust lausa alla þá sem handteknir hafa verið, þ.m.t. pólitíska fanga.
- 5) Með tilliti til þess hve ástandið er alvarlegt í Belarús vegna yfirstandandi bælingar hins borgaralega samfélags og aðgerðasinna stjórnarandstöðunnar ætti að bæta Alexandr LUKASHENKO og 14 öðrum við á skrána yfir aðila og rekstrareiningar sem þvingunaraðgerðir taka til, sem sett er fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006.

(1) Stjtið. ESB L 134, 20.5.2006, bls. 1.

(2) Framkvæmdareglugerð ráðsins (ESB) 2020/1387 frá 2. október 2020 um framkvæmd 1. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 765/2006 um þvingunaraðgerðir með tilliti til Belarús (Stjtið. ESB L 319I, 2.10.2020, bls. 1).

6) Því ber að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 765/2006 er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við reglugerð þessa.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2020.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

M. Roth

VIÐAUKI

[Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB hér: [https://eur-lex.europa.eu/eli/reg\\_impl/2020/1648/oj](https://eur-lex.europa.eu/eli/reg_impl/2020/1648/oj).

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: <http://data.europa.eu/88u/dataset/consolidated-list-of-persons-groups-and-entities-subject-to-eu-financial-sanctions>].